

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978,
um skirteini gefin út af flugmálastjórn.

1. gr.

Grein 7.29. orðist svo:

Nú hefur umsækjandi stundað nám við viðurkenndan skóla eða stofnun og lokið þaðan prófi og skal hann þá senda flugmálastjórn öll prófskirteini sín. Flugmálastjórn getur þá að athuguðu máli veitt skirteini það eða réttindi sem sótt var um án þess að nýtt próf komi til, enda hafi námið verið fyllilega sambærilegt við nám á Íslandi, m. a. hvað varðar námsefni og námstíma, að mati flugmálastjórnar, að öðrum kosti getur flugmálastjórn krafist þess að umsækjandi sanni þáttöku í námi með vottorði, og þekkingu með prófi í þeim greinum sem þurfa þykir, á þeim stað og tíma er hún ákveður.

2. gr.

Grein 7.2.10. orðist svo:

Flugmálastjórn felur viðurkenndum skólum stjórn bóklegs atvinnuflugnáms og hefur eftirlit með framkvæmd þess. Námið skal stundað samkvæmt staðfestri kennsluáætlun frá flugmálastjórn. Rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið grunnskólaprófi, bóklegu einkaflugnámi og er handhafi flugnemaskirteinis. Próf skulu haldin tvisvar á ári, í maí og desember. Atvinnuflugpróf samkvæmt þessum kafla veitir bókleg réttindi I. flokks atvinnuflugmanns samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Við bætist ný grein 7.2.11., sem orðist svo:

Flugmálastjórn getur ákveðið, að:

- a) bóklegt flugkennaranám sé stundað á sérstöku námskeiði, sem hún viðurkennir.
- b) áritun í skirteini flugliða fyrir fjölhreyfla flugvélar sé bundin því, að umsækjandi hafi áður sótt námskeið um notkun getumörk viðeigandi flugvélategunda og staðist próf að því loknu hjá flugmálastjórn, eða aðila sem flugmálastjórnin viðurkennir.

4. gr.

Við bætist ný grein 7.2.12., sem orðist svo:

Flugmálastjórn getur veitt umsækjanda undanþágu frá prófi í einstökum greinum, ef hann hefur nýlega lokið slíku prófi til þess að öðlast annað skirteini.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. september 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.